

Hvítabjörninn – stærsta rándýr Norðurheimskautssvæðisins

Nær allar hættur sem steðja að hvítabirninum eru af mannavöldum. Ef hafisbreiður minnka verulega vegna hlýnunar andrúmsloftsins getur það orðið alvarleg ógn við tegundina. Aðrar hættur stafa af eiturmengun, hugsanlegum olíuslysum, aukinni skipaumferð um hafsvæði Norðurheimskautsins ásamt veiðum og öðru ónæði. Tvö Norðurlönd eru meðal þeirra landa sem eiga land að heimkynnum hvítabjarnarins á Norðurheimskautssvæðum og bera því mikla ábyrgð á verndun tegundarinnar.

Fórnarlamb loftslagsbreytinga

Hvítabjörninn er háður hafisnum en þar veiðir hann seli og kópa sér til matar. Orkurík fæðan gerir birninum kleift að byggja upp fituforða sem er honum lífsnauðsynlegur til að lifa af íslaus tímabil þegar lítið er um æti. Fituforðinn sem birnurnar safna á sig gerir þeim einnig mögulegt að lifa af föstutímabil meðan þær leggjast í híði og annast húna sína.

Vegna hlýnunar myndast hafisinn seinna en áður, hann þekur minna svæði og ísröndin hopar fyrr. Sá tími sem hvítabirnir geta dvalið á helstu veiðisvæðum sínum við ísröndina hefur því styst til muna. Af þessum ástæðum verður hvítabjörninn að eyða lengri tíma á landi en áður við lélegri veiðiskilyrði.

Á íslausum tímabilum étur hvítabjörninn m.a. fugla, egg og fisk. Á syðstu búsvæðum hvítabjarnarins hefur hann átt við ætisskort að stríða sökum styttri ístíma. Við slíkar aðstæður leitar hvítabjörninn oftast til mannabyggða og stundum sést til hans í ætisleit á sorphaugum.

Skaðleg áhrif eiturefna

Á Norðurheimsskautssvæðinu er magn lífrænna eiturefna hátt og geta þau safnast fyrir efst í fæðukeðjunni hjá rándýrum sem lifa á öðrum dýrum sem innihalda þau. Í fæðu hvítabjarnarins er mikið magn þrávirkra lífrænna efnasambanda (POPs). Efnasamböndin geta raskað ónæmiskerfi og hormónabúskap hvítabjarnarins og haft áhrif á möguleika tegundarinnar til að fjölga sér.

Eiturefnin safnast í fitulagi hvítabjarnarins og þegar björninn notar orku fitulagsins þegar hann leggst í híði eða þegar lítið er um æti og hann dvelst á landi getur styrkur eiturefna aukist í líkamanum og haft áhrif á efnaskipti og orkubúskap líkamans og dregið úr lífslíkum. Húnarnir geta þannig einnig fengið mikið magn eiturefna strax með móðurmjólkinni. Með því að draga úr losun eiturefna út í náttúruna má auka lífslíkurlíkum hvítabjarnarins.

Mengunarslys vegna olíu- og gasvinnslu geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir Norðurheimskautssvæðið. Olíubrúk á hafi getur sest í feld hvítabjarnarins og dregið úr einungunarhæfni hans og olíumenguð fæða getur valdið eitúráhrifum.

Þegar birnur á Svalbarða og Grænlandi eru merktar með hálsbandi, til að vakta ferðir þeirra með gervitunglasendi, er um leið tekin blóð- fitu- og vefjasýni til að rannsaka innihald eiturefna í líkama þeirra. Birnurnar eru líka viktaðar og mældar. Markmiðið með rannsóknunum á áhrifum loftslagsbreytinga og eiturefna í umhverfinu er m.a. að athuga hvort hvítabjörninn geti aðlagð sig breytingum í umhverfinu.

Veiðar Á 17. öld komu hvalveiðimenn frá Evrópu til Grænlands og Svalbarða. Í kjölfar þeirra komu einnig aðrir veiðimenn og landkönnuðir. Hvítabirnir voru mikið veiddir til matar og vegna skinnsins en líka vegna sportsins. Á Grænlandi hefur hvítabjörn ávallt verið veiddur til viður væris og til að versla með. Nú er veiðum á Grænlandi stjórnað með veiðikvótum og hefur dregið úr þeim. Erfitt er að fullyrða hvort veiðarnar séu sjálfbærar eða ekki þar sem tölulegar upplýsingar skortir um stofnstærðir hvítabjarnarins.



Á norrænum tungumálum er hvítabjörninn / ísbjörninn (*Ursus maritimus*) kenndur við ísinn, á ensku er hann kenndur við Norðurskautið (*Polar bear*) en latneska fræðiheitið vísar til hafisins. Öll eru heitin réttmæt, þar sem heimkynni hvítabjarnarins eru hafisinn á norðurheimskautinu og hann sækir fæðu sína í hafið.

Mynd: Magnus Andersen/Norsk Polarinstittutt

Hvítabjörninn

- ▶ Náskyldur skógarbirni (*Ursus arctos*)
- ▶ Stærsta fjórfætta rándýr veraldar
- ▶ Heimkynni eru á norðurheimskautssvæðum; Svalbarða, Grænlandi, Norðurheimskautssvæðum Kanada, Vestur- og Norður-Alaska og í norðlægu hlutum Rússlands
- ▶ Hefur einnig sést á Íslandi, síðast á árinu 1993
- ▶ Karldýrið getur orðið allt að tonn að þyngd og orðið 40 ára gamalt
- ▶ Kvendýrið eignast 1-3 húna þriðja hvert ár, af þeim er álitíð að 30-50% lifi og nái fullum þroska
- ▶ Fæðan er selur, hringanóri og kópar, önnur spendýr; t.d. rostungskópar og mjaldur og þegar íslaut er; sjófuglar, gæsir, æðaregg, fiskur og hvalhræ, étur einnig ber, jurtir og þara, á Svalbarða étur hann einnig hreindýr
- ▶ Á allt undir hafisnum og fituríkri fæðu sem hann veiðir á ísnum
- ▶ Verslun með afurðir úr ísbjörnum krefst leyfis samkvæmt CITES samningnum

Á Svalbarða voru stundaðar hvítabjarnarveiðar fram til ársins 1974, en þá voru veiðar bannaðar með öllu. Þó er leyfilegt að fella dýr sem ógna mönnum eða eignum. Annars staðar eru veiðar leyfðar í heimkynnum hvítabjarnarins samkvæmt kvótum sem eiga að tryggja sjálfbæra nýtingu. Kvótarnir eru þó í sumum tilfellum taldir vera of rúmír miðað við stærð stofnanna.

Truflun í heimkynnum ísbjarnarins

Ferðaþjónusta er meginatvinnuvegur á Svalbarða. Á hverju ári koma u.þ.b. 40.000 ferðamenn til þessa hrjóstruga, norðlæga svæðis. Flestir koma með skemmtiferðaskipum sem sigla um og ferðast er um á landi á ýmsum farartækjum eða fótgangandi. Sýnt hefur verið fram á að snjósleðar trufla hvítabjörninn í eins kílómeters fjarlægð og birnur með húna jafnvel enn lengra frá. Hvítabjörninn er forvitinn og ferðamenn og tjöld þeirra vekja forvitni hans. Þegar hafísinn minnkar og ferðamönnum fjölgar getur það orðið til þess að fleiri hvítabirnir eru drepnir í sjálfsvörn.

Til að vernda heimkynni hvítabjarnarins fyrir óþarfa truflun af starfsemi manna hafa ákveðin svæði bæði á Grænlandi og Svalbarða verið friðlýst.

Verndaraðgerðir

Öll löndin fimm sem eiga land að heimkynnum hvíta bjarnarins hafa undirritað samning um verndun hvítabjarnarins (Ósló 1973). Markmið samningsins er að vernda hvítabjörninn og búsvæði hans sem og að tryggja sjálfbæra nýtingu hvítabjarnarstofna. Aðildarlöndin skiptast á þekkingu og starfa saman að verndun hvítabjarnarins, ásamt rannsóknum, vöktun og stjórnun.


Norðmenn tóku fyrsta skrefið til verndunar hvítabjarnarins þegar á árinu 1923, en þá voru samþykkt lög um að friða birnur með húna. Lögin voru í gildi til ársins 1974 en þá var hvítabjörninn friðaður með öllu í Noregi. Á Grænlandi voru árið 2005 samþykkt lög sem fela í sér bann við truflun á fengitíma og friðun birna með húna. Um leið voru teknir upp veiðikvótar á Grænlandi. Við endurskoðun íslenskra laga árið 1994 var bannað að fella hvítabirni, nema mönnum eða búfé standi af þeim ógn.

Árið 2006 skilgreindu alþjóðanáttúruverndarsamtökin (IUCN) hvítabjörninn sem tegund í yfirvofandi hættu (Vulnerable, VU) á hnattvísi. Starfshópur IUCN um málefni hvítabjarnarins (PBSG) spáir 30% hnignun stofnsins á hnattvísi á næstu 45 árum vegna loftslagsbreytinga og eiturefna í umhverfinu. Á Grænlandi og á Svalbarða er hvítabjörninn einnig skilgreindur í yfirvofandi hættu.

Norðurheimsskautslöndin eru sammála um að þörf sé á reglubundinni vöktun hvítabjarnarstofna. Stærð sumra stofnanna, t.d. á Austur-Grænlandi hefur aldrei verið nákvæmlega metin. Í samvinnu við Norðmenn hafa Grænlandingar nú hafið rannsókn þar sem fylgst er náið með ferðum hvítabjarnarins á hafisnum. Þessi rannsókn mun skapa verðmæta þekkingu fyrir komandi stofnstærðarmót.



Hvítabjarnarhúnar. Mynd: Jon Aars/Norsk Polarinstittut



Hvítabjarnarveiðar voru stundaðar hvað ákafast á 19. öld. Í dag eru felld u.þ.b. 1000 dýr á ári. Flest þeirra eru felld af frumbyggjum samkvæmt gamalli hefð. Myndirnar sýna fjölda felldra hvítabjarna á Grænlandi og Svalbarða, litla myndin sýnir Svalbarða fyrir árið 1974.

Heimildir: Svalbarði: Norsk Polarinstittut 17.12.2007. Grænland: Aars, J., Lunn, N. J. & Derocher, A. E. 2006. Nánari upplýsingar er að finna í heimildaskrá upplýsingablaðsins.

Ástand hvítabjarnarstofna á norðurslóð

Stofn	Fjöldi samkvæmt mati	Matsár	Ástand samkvæmt mati eða spá
Barentshaf	2 997*	2004	Takmörkuð þekking
Austur-Grænland	óþekktur	-	Takmörkuð þekking
Kane Basin	164	1998	Hnignandi
Baffinsflói	2 074	1998	Hnignandi
Davissund	2 252	2007	Mat í vinnslu
Norður-Ishaf	óþekktur	-	Takmörkuð þekking

*u.þ.b. helmingur stofns á Svalbarða - einungis einstaka dýr í Norður-Ishafi - stofnar í Kane Basin, Baffinsflóa og Davissundi eru sameiginlegir með Grænlandi og Kanada

Samkvæmt mati IUCN hnignar 5 af 19 hvítabjarnarstofnum, 7 stofnar vaxa eða eru stöðugir. Ekki er hægt að meta ástand hinna 7 því þekking um þá er takmörkuð. Ekki er vitað mikið um þróun stofna í Barentshafinu og verður hún endurmetin á árinu 2009. Stærð stofnsins á Austur-Grænlandi verður metin með flugtalningu árið 2010. Nýjar rannsóknir benda til að stofninn í Davissundi, sem er sameiginlegur með Grænlandi og Kanada, sé jafnvel vaxandi. Stofnum í Kane Basin og Baffinsflóa hnignar vegna ofveiði. Heimildir: Davissund: Peacock, E. 2008. Aðrir stofnar (Alla andra populationer): Aars, J., Lunn, N. J. & Derocher, A. E. 2006. Nánari upplýsingar er að finna í heimildaskrá upplýsingablaðsins:

Allar heimildir eru skráðar í heimildaskrá sem sjá má á heimasíðu upplýsingablaðsins: www.miljo.fi/nordensnatur > Faktablad > Ísbjörninn – efstur í fæðukeðjunni (Ísbjörnen – på toppen av den arktiska näringskedjan och beroende av havsisen.)